

20. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 14. apríl 2023 fjarfundur

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ

Forföll: Gunnar Gunnarsson (GG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gissur Jónsson (GJ), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ) og Embla Líf Hallsdóttir (ELH) fulltrúi ungmennaráðs.

Formaður setti fund kl. 16:00

1. Upplýsingagjöf

EPE fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 1. fundargerð Laganefndar.
- 26. fundur framkvæmdastjórnar.
- 6. fundargerð vinnuhóps um íþróttahéruð.
- 16. fundargerð Ungmennaráðs.

3. Erindi frá nefndum

Tillaga til stjórnar frá framkvæmdastjórn, um að Ernir Daði Arnberg Sigurðsson taki sæti í ungmennaráði UMFÍ, út skipunartíma ungmennaráðs. Samþykkt samhljóða.

4. Staða nefndarstarfs og verkefni stjórnar

Farið yfir stöðu nefndarstarfs og aðgerðaáætlunar.

5. Skólabúðir á Reykjum

Minnisblað um atvik í Skólabúðunum 22. mars síðastliðinn lagt fram til kynningar.

6. Ungmennabúðir á Laugarvatni

- Þann 20. mars tilkynnti UMFÍ sveitarfélaginu Bláskógabyggð að það hygðist ekki kaupa húsnæði Ungmennabúðanna.
- Sveitarfélagið Bláskógabyggð fundaði þann 27. mars, þar sem málefni Ungmennabúðanna voru tekin fyrir, en ekki var tekin nein ákvörðun varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir eða sölu á húsnæðinu.
- Á sama fundi kom fram tillaga frá fulltrúa minnihluta um að haldinn verði íbúafundur um þá stöðu sem komin er upp varðandi ungmennabúðirnar. Leitast eftir að UMFÍ eigi fulltrúa þar en sá fundur yrði líklegast í maí.

7. Reglugerð lottó

- Kynntar hugmyndir vinnuhóps UMFÍ um íþróttahéruð og lottóreglur og nefndar ÍSÍ um íþróttahéruð, um sameiginlega úthlutun ÍSÍ og UMFÍ.
- Stjórn fagnar sameiginlegum áherslum og felur formanni nánari útfærslu í samvinnu við ÍSÍ og skrifstofu UMFÍ.

8. Heiðranir

Samþykkt að veita þrjú gullmerki UMFÍ

9. Önnur mál

Vorfundur 12.-13. maí. Ákveðið að fundurinn verði haldinn í nýrri þjónustumiðstöð UMFÍ.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar.

Fundi slitið kl. 17:17

SÓJ ritaði fundargerð